

Nr. 18-024 S 014 Baldvin Njálsson GK 400***Skipverji slasast í lest***

Skipaskr.nr. 2182 *IMO nr.* 8714528
Smíðaður: Vigo Spáni 1990 stál
Stærð: 736,4 brl. 1199,8 bt.
Mesta lengd: 51,45 m *Skráð lengd:* 45,84 m
Breidd: 11,9 m *Dýpt:* 7,23 m
Vél: Wärtsilä 2200 kW, 1991
Fjöldi skipverja: 26



Baldvin Njálsson ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 28. september 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli..

Atvikalýsing:

Þann 13. febrúar 2018 var Baldvin Njálsson GK 400 á togveiðum á Reykjanesgrunni. Veður: NNA 18 m/sek.

Skipverji var einn við störf í frystilest við að raða upp fiskikössum þegar fiskikassastæða hrundi vegna veltu skipsins með þeim afleiðingum að fiskikassar lentu yfir hann. Skipverjinn fingurbrotnaði á litla fingri hægri handar og var með áverka á baki, öxlum og háls.

Við rannsókn kom fram:

- að skipið hafði legið í vari en því siglt af stað án þess að slasaði hefði átt að sig á því og stæðan ekki sjóklár;
- að slasaði var óvanur á frystitogara og í sinni fyrstu ferð.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.